

- 80 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Eggerts Jóhannessonar og Péturs Eggertssonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 27. maí 1948.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Eggerts Jóhannessonar og Péturs Eggertssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Minningarsjóður Eggerts Jóhannessonar og Péturs Eggertssonar“ og er stofnaður af félögum þeirra í Lúðrasveit Reykjavíkur og Skátafélagi Reykjavíkur.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er þetta:

Gjöf Lúðrasveitar Reykjavíkur	kr. 1000.00
Gjöf félaga Péturs Eggertssonar (2. fl. Y. R-S.)	— 500.00
Gjöf Yngri R-S í Skátafélagi Reykjavíkur	— 1000.00
Tekjur af minningarhlómleikum í Skátaheimilinu 11. apríl 1948	— 1212.00
— eða samtals 3712.00 — þrjú þúsund sjö hundruð og tólf — krónur. Sjóðurinn eykst af vöxtum, gjöfum og öðrum tekjum, sem honum kann að áskotnast.	

3. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands með þeim skilmálum, að vextir séu allir lagðir við höfuðstólinn, unz ársvextirnir nema 1000 — eitt þúsund — krónum, en úr því fellur helmingur ársvaxtanna til útborgunar.

4. gr.

Markmið sjóðsins skal vera að efla hljómlistarlíf meðal skáta.

5. gr.

Styrkveitingar skulu fara fram 11. apríl ár hvert eða því sem næst, og má veita hvort heldur eftir umsóknum eða án þeirra.

6. gr.

Þessir þrír aðilar tilnefna stjórn sjóðsins:

Lúðrasveit Reykjavíkur.

Skátafélag Reykjavíkur.

2. flokkur Yngri R-S í Skátafélagi Reykjavíkur.

Stjórnin annast fjárreiður sjóðsins og ræður úthlutun styrktarfjár. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksár. Skulu reikningar sjóðsins endurskoðaðir af endurskoðendum Lúðrasveitar Reykjavíkur og Skátafélags Reykjavíkur og birtir í Lögbirtingablaðinu.

8. gr.

Komi sú tíð, að vextir þeir, er til útborgunar falla, verði svo miklir, að sýnt sé, að framvegis verði engin þörf á þeim öllum til að fullnægja markmiði sjóðsins,

má verja nokkru af þeim til styrktar starfsemi Lúðrasveitar Reykjavíkur og Skátafélags Reykjavíkur. **80**

27. maí

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 11. apríl 1948.

AUGLÝSING

um staðfestingu á skráum yfir lyf, sem teljast til nr. 57 og 58 í 28. kafla tollskrárinnar.

81

1. júní

Hér með staðfestast skrár þær, sem birtar eru í II. bindi „Vöruhandbókar með tilvitnunum í lög um tollskrá o. fl.“, Reykjavík 1947, bls. 106—249, yfir lyf, sem teljast til nr. 57 og 58 í 28. kafla 1. gr. laga nr. 62/1939, um tollskrá o. fl., og skulu ekki aðrar vörur en taldar eru í skráum þessum teljast til þeirra tollskrárnúmera, nema samþykki ráðuneytisins komi til, en ráðuneytið auglýsir í B-deild stjórnartíðindanna viðauka og aðrar breytingar á skráum þessum.

Jafnframt er úr gildi numin skrá nr. 74/1940, yfir lyf, sem falla undir nr. 57 í 28. kafla tollskrárinnar.

Fjármálaráðuneytið, 1. júní 1948.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Sjúkrasjóð Mývetninga“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 7. júní 1948. **82**

Skipulagsskráin er þannig:

7. júní

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sjúkrasjóð Mývetninga.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sjúkrasjóður Mývetninga. Hann er stofnaður árið 1912 af ungmennafélaginu Mývetningur með kr. 100.00 til minningar um látna félaga. Síðan hefur ungmennafélagið aukið sjóðinn með nokkrum hluta árlegra tekna sinna. Minningar-gjafir um dána menn hafa sjóðnum borizt að upphæð kr. 625.00. Árið 1935 samþykkti hreppsfundur í Skútustaðahreppi, að til sjóðsins skyldu renna kr. 2440.00, en það er meiri hluti brunabótasjóðs hreppsins, sem honum féll þá til eignar, er ný landslög um brunatryggingar gengu í gildi. Sjóðurinn er nú að upphæð kr. 4015.51, þar af kr. 1465.51 í sparissjóðsbók nr. 184 í Sparissjóði K.Þ. í Húsavík og kr. 2550.00 í Innlánsdeild K.Þ. í Húsavík.

2. gr.

Sjóðurinn er sameign hreppsúa í Skútustaðahreppi, en hagnýta má hann þó aðeins á þann hátt, sem skipulagsnskrá þessi mælir fyrir um.